

**77. fundur skráningarráðs** haldinn 14. maí 2014, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9-11.15

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir (fundarritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna .

1. **Fundargerð 76. fundar.** Fundargerðin var yfirfarin og samþykkt.
2. **RDA í Handbók skrásetjara.** Fyrstu frumdrög að leiðbeiningum um skráningu samkvæmt RDA eru í vinnslu í Handbókinni og voru skoðuð. Hvað varðar svið 33X og deilisvið þá þarf að þýða og skilgreina helstu heiti og kóða og vita hvað kóðarnir standa fyrir. Listar yfir heiti og kóða voru skoðaðir og ljóst er að það þarf að gefa skýringu á öllum heitum og kóðum og ákveða hvað á nota og hvað ekki. Gátlisti frá skrásetjurum á Lbs-Hbs um RDA í sóttum færslum (bækur) var skoðaður og ákveðið að hann færi inn í Handbókina.
3. **RDA - næstu skref.** Ljóst er að gera þarf kerfið þannig úr garði að það geti meðhöndlað RDA færslur. Gera þarf lista yfir valdar RDA færslur í Gegni (þær eru finnanlegar eftir kóða í sviði 040) og skoða hvernig þær koma út á leitir.is. Einnig þarf að búa til „pakka“ af færslum í prófunarumhverfi til að prófa mismunandi form efnis. Nauðsynlegt er að fá áskrift að RDA vefnum. Samþykkt var að byrja með 20 samtímanotendur. Skráningarráð ákveður að fela Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna að vinna að því að fá landsaðgang að RDA .
4. **Rittraðir í sviði 810 og 830.** Ekki þótti alveg skýrt hvort deilisvið v (númer rittraðar) í sviði 490 væri leitarbært og fyrirspurn kom um hvort ekki þyrfti að hafa það einnig í sviði 810 og 830. Deilisvið v er leitarbært í 490 og var ákveðið að taka það skýrt fram í Handbókinni að ekki væri þörf á því í sviði 810 og 830.
5. **Vefnámskeið.** Fjögurra vikna vefnámskeið; Cataloging with RDA, kennari Magda El-Sherbini er í boði í júní, en þar verður fjallað um skráningu á bókum. Hildur tekur að sér að panta námskeiðið og verður aðstaða í Landsbókasafni. Áslaug, Hildur, Rósa, Sigrún og Þóra ætla að sækja námskeiðið.
6. **Önnur mál.** Rósa kom með fyrirspurn í sambandi við Rafhlöðuna. Hver er stefnan? Það virkar ekki alltaf að sækja t.d. PDF skjöl í vefsafnið. Slóðir geta verið blindar og efni getur horfið eða að notandinn fær allt aðra síðu á netinu en hann er að leita að.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11.15